



Þorbjörn Jónsson, nýr formaður bráðabirgðastjórnar Læknaráðs, segir lækna á Landspítala hafa upplifað að þagga ætti niður í þeim þegar áhrif ráðsins voru gerð að engu með lagabreytingum. Mynd/gag

# Við ætlum að veita heilbriggt aðhald

Læknarád Landspítala lifir áfram. Læknar láta ekki kæfa raddir sínar, segir Þorbjörn Jónsson formaður bráðabirgðastjórnar þess

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Við látum ekki kæfa raddir okkar lækna. Læknarád mun lifa,“ segir Þorbjörn Jónsson, nýr formaður bráðabirgðastjórnar ráðsins. Hún á að skerpa á reglum þess og leggja línurnar fyrir hlutverk þess til framtíðar eftir að það var lagt niður með breytingu á lögum nú á haustdögum. Aðalfundur verður líklega haldinn í janúar og ný stjórn kosin.

„Lagabreytingin var óheillaskref,“ segir Þorbjörn. „Við upplifðum að reynt væri að þagga niður í okkur með lagabreytingunum. Þetta er ekki fyrirkomulag sem gafst illa, svo hvers vegna að breyta því?“ spyr hann og segir lækna og hjúkrunarfræðinga burðarstéttir spítalans. Því sé vert að hlusta á þær en Læknarád hafi í nærri hálföld veitt ráðgjöf um fagleg málefni tengd lækningum á spítalanum.

„Nýtt þverfaglegt fagråd innan spítalans á að taka við þessu kefli. Við vitum hins vegar ekki hverjir munu sitja í því. Heilbrigðisstéttir innan spítalans eru á fjórða tug og því ljóst að rödd lækna verður aldrei sterk í þeim hópi. Við óttumst að hjá slíku ráði muni læknisfræðileg sjónarmið ekki fá nægilega mikla vigt,“ segir Þorbjörn við *Læknablaðið*. Hann telur lagabreytinguna endurspeglar vaxandi forstjóraræði í opinbera kerfinu.

„Mér finnst þessi ákvörðun lykta af því,“ segir Þorbjörn. „Menn eru að fara úr dreifstýringu yfir í fárra manna stjórnun.“ Hann bendir á að lækna hafi lengsta námið að baki og flestir reynslu og þekkingu frá erlendum spítölum og heilbrigðisferfum og því gagnrýnisvert að minnka vægi þeirra.

„Nýja Læknaráðið mun því áfram veita faglegt aðhald og vonandi vera í góðri samvinnu við stjórnendur spítalans.“ Hafa verði í huga að sjónarmið, hagsmunir og skoðanir lækna fari almennt saman við skoðanir stjórnar spítalans: „Því við höfum sameiginlega hagsmuni af því að veita sjúklingum góða þjónustu og styrkja spítalann.“

Þorbjörn bendir á að Læknarád Landspítala hafi veitt umsagnir um flest þingmál sem snertu rekstur spítalans og heilbrigðismál almennt. Heilbrigðisyfirvöld og velferðarnefnd hafi iðulega tekið mark á læknum.

„Rödd lækna þarf að heyrast innan spítalans sem utan og læknisfræðileg sjónarmið að vera þar ríkjandi í ákvörðunum spítalans,“ segir hann. „Læknarád er mér hjartans mál. Ég var formaður þess um árabil og veit hverju ráðið getur áorkað. Starfið sem það vann var mikilvægt og því munum við halda áfram.“

Hlíðasmára 8  
201 Kópavogi  
sími 564 4104

### Útgefandi

Læknafélag Íslands

### Ritstjórn

Magnús Gottfreðsson,  
ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Elsa B. Valsdóttir  
Gerður Gröndal  
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir  
Margrét Ólafía Tómasdóttir  
Magnús Haraldsson  
Sigurbjörgur Kárason

### Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

### Ritstjórnarfulltrúi

Védis Skarphéðinsdóttir  
vedis@lis.is

### Blaðamaður

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir  
gag@lis.is

### Auglýsingar

Sólveig Jóhannsdóttir  
solveig@lis.is

### Umbrot

Margrét E. Laxness  
melax@lis.is

### Prófarkalestur

Aðalsteinn Eyþórsson

### Upplag

1900

### Prentun og bókband

Prenttækni ehf.  
Vesturvör 11  
200 Kópavogi



### Áskrift

21.900,- m. vsk.  
Lausasala  
2190,- m. vsk.

### © Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213